

Hjúkrunarmeðferðir í Ískrá

Andlegir og félagslegir þættir	Líkamlegir þættir
<p>Aðlögunarleiðir eflidar Aðstoð við reiðistjórnum Áfallahjálp barns Áfallasaga Áhugahvetjandi samtal Hvatning Hvíld, umönnun og nærvera Kvíðagreiningaviðtal (ADIS) Kvíðameðferð Sjálfsmynd eflid Skilaskýrsla PH afhend deildarstj. sérkennslu Slökun Stuðningsviðtal Stuðningur innan skólasamfélags Stuðningur við fjölskyldu Virk hlustun</p>	<p>Blóðnasir stöðvaðar Flís fjarlægð Hita/kuldameðferð Húðmeðferð Lúsaleit Mat á ökkla skv Ottawa jákvætt Mat á ökkla skv Ottawa neikvætt Meðferð vegna bráðaofnæmis Meðferð vegna krampa Meðferð vegna sykurfalls Nudd Saumataka Sárameðferð Skolað auga Skyndihjálp Skyndihjálp við tannáverka Strapp á fingur/tær Teygjubindi/hólkur</p>
Ráðleggingar og fræðsla	Mælingar
<p>Fræðsla til nemendahópa Fræðsla til skólasamfélags Leiðbeiningar um höfuðáverka afhentar Ráðleggingar um meðferð og forvarnir Reglubundin ráðgjöf</p>	<p>Blóðsykur mældur Heyrnarpróf Litaskynspróf Lyfjaleit í þvagi Mæling á hæð og þyngd Mæling lífsmarka Sjónskerpupróf</p>
Tilvísun	Annað
<p>Heilsunámskeið Tilkynning til Lyfjastofnunar Tilvísun á bráðamóttöku Tilvísun á heilsugæslustöð Tilvísun í Heilsuskólann Tilvísun til augnlæknis Tilvísun til barnaverndanefndar Tilvísun til læknis Tilvísun til læknis/sálfræðings Tilvísun til námsráðgjafa Tilvísun til nemendaverndarráðs Tilvísun til sálfræðings Tilvísun til tannlæknis Tilvísun til þroskaþjálfara</p>	<p>Annað Dömubindi Eftirfylgd Heimferð Höfnun vistuð í sjúkraskrá Lyfjaumsjón Meðferðaráætlun Samskipti við forráðamann Samskipti við skólasamfélag Skólastjórnendur upplýstir Skráning Upplýsingar móttækna Upplýsingar veittar Upplýsingaöflun Þátttaka í þverfaglegum fundum</p>

Hjúkrunarmeðferðir	Skilgreining
Aðlögunarleiðir efldar	Nemandinn aðstoðaður við að aðlagast streituvöldum, breytingum og ógnum sem eru hindrun við að mæta kröfum og hlutverkum lífsins.
Aðstoð við reiðistjórnun	SHS aðstoðar nemanda/kennara/forráðamenn við að ná tökum á reiði. Stuðst er við skrefin sex í reiðistjórnun . Reiði og reiðistjórnun – BUGL
Áfallahjálp barns	Getur m.a. falið í sér að efla aðlögunarleiðir barns, veita því andlegan stuðning, efla öryggisfinningu, glæða von og vinna úr sorg. Aðstoð við börn eftir áfall – Rauði krossinn Áföll og áfallahjálp – Margrét Blöndal Áfallamiðstöð Landspítala Viðbrögð barna við áföllum – Leiðbeiningablað fyrir forráðamenn.
Áfallasaga	SHS kannar með viðtali við forráðamenn, nemanda eða kennara hvort áföll hafa orðið í lífi barns. SHS metur hugsanleg áhrif áfalls á barn og leitar viðeigandi úrræða. Punktur um áfallastreituröskun barna.
Áhugahvetjandi samtal	Áhugahvetjandi samtali beitt í samtali við nemanda
Blóðnasir stöðvaðar	
Blóðsykur mældur	SHS mælir blóðsykur hjá nemanda.
Dömubindi	Stúlku afhent dömubindi/túrtappi vegna tíðablæðinga
Eftirfylgd	Ef ástæða er til að fylgja máli nemandans eftir. Viðkomandi nemandi fer á lista yfir ‚Nemendur í eftirfylgd‘. Þegar eftirfylgd er lokið þarf að ‚afhaka‘ annað hvort á listanum eða í samskiptunum sjálfum.
Flís fjarlægð	
Fræðsla til nemendahópa	Nemendur fá fræðslu frá SHS.
Fræðsla til skólasamfélags	Starfsfólk skólans fær fræðslu frá SHS.

Heilsunámskeið	Forráðamönnun boðin þátttaka í heilsunámskeiði.
Heimferð	Nemandi fer heim með <u>samþykki forráðamanns</u> vegna vanlíðunar.
Heyrnarpróf	Nemandi er heyrnarprófaður eftir beiðni forráðamanns/nemanda. Ekki er ætlast til að nemandi sé heyrnarprófaður út í skóla NEMA mælir sé kaliberaður og uppfærður á hverju ári.
Hita/kuldameðferð	Nemandinn fær kaldan eða heitan bakstur á húð til að draga úr bólgu, verkjum eða vanlíðan.
Höfnun vistuð í sjúkraskrá	Ef fengist hefur skrifleg staðfesting frá forráðamanni varðandi höfnun á ónæmisaðgerð. Á bæði við þegar tölvupóstur er afritaður í lýsingu/framvindu samskiptanna eða ef forráðamaður undirritar eyðublað
Hvatning	
Húðmeðferð	Bera krem á/nota hjálpartæki til að stuðla að heilli húð og minnka líkur á húðrofi.
Hvíld, umönnun og nærvera	Nemandi þarf að hvíla sig inni hjá SHS og fær þar umönnun og nærveru.
Kvíðagreiningaviðtal (ADIS)	SHS notar ADIS kvíðagreiningaviðtal til að greina tegund og alvarleika kvíða hjá nemanda.
Kvíðameðferð	Unnið er markvisst með nemanda að því að ná stjórn á kvíða. Hvernig birtist kvíði hjá börnum - BUGL
Leiðbeiningar um höfuðáverka afhentar	Forráðamönnum afhentar leiðbeiningar um höfuðáverka úr Ískrá.
Litaskynspróf	
Lúsaleit	SHS leitar að lús í hári nemanda
Lyfjaumsjón	SHS tekur til lyf og hefur umsjón með lyfjagjöfum sem annað hvort hann eða einhver annar gefur. Dreifibréf

	nr.7/2010. Lyfjagjafir í grunnskólum
Lyfjaleit í þvagi	SHS tekur þátt í framkvæmd lyfjaleitar í þvagi hjá nemanda Verklag vegna lyfjaleitar í þvagi
Mat á ökkla skv. Ottawa gátlista	Ottawa gátlista beitt til að meta áverka á ökkla, hvort þurfi að senda nemanda í röntgen eða ekki. Ítarefni um Ottawa gátlistann
Meðferð vegna bráðaofnæmis	Viðbrögð við bráðaofnæmi s.s. adrenalin/epi penni, fjarlægja ofnæmisvald, umönnun, mæling lífsmarka og koma nemanda á bráðamóttöku ef með þarf. Bráðaofnæmi - skyndihjálp
Meðferð vegna krampa	Viðbrögð vegna krampa s.s. gæta að umhverfi og stöðu barns í krampa, fylgjast með tímalengd og eðli krampa, fylgjast með lífsmörkum og koma nemanda á bráðamóttöku ef með þarf. Krampar/flog - skyndihjálp
Meðferð vegna sykurfalls	SHS aðstoðar nemanda í sykurfalli. Helstu einkenni eru; svengd, hraður pulsi, hausverkur, skjálfti, fölvi, sviti, getur misst meðvitund og fengið krampa. Meðferð: Gefa hraðvirk kolvetni, s.s. sætan djús, sykrað gos, þrúgusykur, mjólk eða sætindi og síðan langvirk kolvetni s.s. banana eða brauð. Ef nemandi er meðvitundarlaus skal gefa sykurgel í munn. Fylgjast skal vel með blóðsykri í kjölfar sykurfalls. Blóðsykursfall - skyndihjálp
Meðferðaáætlun	SHS setur upp meðferðaráætlun s.s. upplýsingar um meðferð í Bráðamöppu fyrir börn með lífsógnandi sjúkdóma. Getur einnig átt við önnur meðferðarplön sem sett eru upp þar sem unnið er með nemanda við að greina og forgangsraða markmiðum og útbúa áætlun um hvernig þeim verði náð.
Mæling á hæð og þyngd	Mæld er hæð og þyngd nemanda <u>utan reglubundinnar</u> skimunar og að beiðni eða með samþykki forráðamanns.
Mæling lífsmarka	Líkamshiti, blóðþrýstingur, hjartsláttartíðni og/eða öndun mæld hjá nemanda. Það er nóg að eitthvað eitt sé mælt til að setja þessa HM. Muna að skrá niðurstöðu í samskiptin undir ‚Mælingar‘.

Nudd	Örva húð og undirliggjandi vefi með breytilegum þrýstingi handa til að draga úr verkjum, ná fram slökun og/eða bæta blóðrás.
Ráðleggingar um meðferð og forvarnir	Nemandi/forráðamaður fær ráðleggingar tengdar tilefni og viðfangsefni samskiptanna.
Reglubundin ráðgjöf	Sett er upp áætlun með markmiðasetningu í samráði við forráðamann/nemanda og unnið eftir með skipulögðum hætti. Viðtöl eru fleiri en eitt.
Samskipti við forráðamann	Haft er samband við forráðamann, hvort sem það er í formi tölvupósts, símtals eða viðtals.
Samskipti við skólasamfélag	Samskipti höfð við aðila innan skólans með hagsmuni nemanda að leiðarljósi. Geta verið samskipti t.d. við kennara, skólstjórnendur, deildarstjóra sérkennslu eða skólasálfræðing.
Saumataka	Fjarlægja sauma/hefti hjá nemanda.
Sármeðferð	Sár hreinsað, metið og umbúðir settar yfir. Fyrirbyggja fylgikvilla tengdu sári og stuðla að góðri græðslu sárs.
Sjálfsmynd eflid	Unnið markvisst með nemanda/forráðamönnum að því að efla sjálfsmynd viðkomandi barns. Hugmyndir og verkfærakista t.d. á: http://www.sjalfsmynd.com/
Sjónskerpupróf	Framkvæmt er sjónskerpupróf hjá nemanda <u>utan reglubundinnar skimunar</u> að beiðni forráðam./nemanda.
Skilaskýrsla PH afhend deildarstj. sérkennslu'	Deildarstjóra sérkennslu í skólanum afhend skýrsla frá þroska- og hegðunarstöð.
Skolað auga	Auga nemandans er skolað með saltvatni eða kranavatni til að fjarlægja aðskotahlut eins og sand eða sag.
Skólastjórnendur upplýstir	Skólastjórnendur upplýstir um slys sem varð í skólanum og SHS sinni. Hér er átt við stærri slys sem vísa þurfti og/eða eftirmáli gæti orðið. Skólastjórnendur bera ábyrgð á

	<p>slysaskráningu í skóla og því ber að upplýsa þá.</p> <p>Öryggishandbók grunnskóla - slys Slysaskráningablað</p>
Skráning	<p>Ef skrá þarf upplýsingar í sjúkraskrá t.d. af hverju reglubundin skimun var ekki framkvæmd.</p> <p>Einnig er möguleiki að skrá þurfi upplýsingar af NVR-fundi sem nauðsynlegt þyki að séu í sjúkraskrá barns.</p>
Skyndihjálp	<p>Öryggi nemandans tryggt. Meðvitund, öndun og blóðrás metin. Hringt á 112. Hugsanleg endurlífgun.</p>
Skyndihjálp við tannáverka	<p>SHS setur heila fullorðinstönn upp í holu eða tryggir rétta meðhöndlun fullorðinstanna sem ekki tekst að setja aftur í holu. Einnig ef leita þarf að tannbrotum.</p> <p>Skyndihjálp við tannáverka</p>
Slökun	<p>Nemandi fær markvissa slökunar meðferð hjá SHS.</p> <p>Dæmi um slökunaræfingar</p>
Strapp á fingur/tær	<p>Tveir eða fleiri fingur/tær strappaðar saman eftir áverka.</p>
Stuðningsviðtal	<p>Nemanda veittur markvissur stuðningur með viðtali/viðtölum.</p>
Stuðningur innan skólasamfélags	<p>T.d. ef veita þarf nemendum/starfsfólki stuðning vegna alvarlegra veikinda meðal nemanda.</p>
Stuðningur við fjölskyldu	<p>Stuðningur við fjölskyldu getur verið margskonar s.s. fræðsla, viðtöl, láta fjölskyldu vita um áætlanir innan skólans og halda góðu sambandi við fjölskylduna.</p>
Teygjubindi/hólkur	<p>Nemandi vafinn með teygjubindi eða fær teyjusokk vegna áverka sem hann hlaut í skólanum eða vegna verkja.</p>
Tilkynning til Lyfjastofnunar	<p>Tilkynning er send til Lyfjastofnunar um alvarlegar aukaverkanir bóluefnis.</p>
Tilvísun á bráðamóttöku	<p>Vísa þarf nemandanum á bráðamóttöku vegna áverka sem hann hlaut í skólanum.</p>
Tilvísun á heilsugæslustöð	<p>Forráðamanni er vísað með barn sitt á heilsugæslustöð.</p>
Tilvísun í Heilsuskólann	<p>Send tilvísun í Heilsuskólann með samþykki forráðam. vegna offitu nemanda.</p>

Tilvísun til augnlæknis	Barni vísað til augnlæknis vegna frávika á sjónskerpuprófi eða áverka/verkja í auga. Gott að senda nemandann með tilvísunarblað úr Ískrá með sér þar sem fram kemur niðurstaða á sjónskerpuprófi í skóla.
Tilvísun til barnaverndarnefndar	Verklagsreglur um tilkynningu til barnaverndarnefndar Talaðu við mig – leiðbeiningar um samtöl Áfallaviðbrögð við kynferðisofbeldi
Tilvísun til læknis	Vísa þarf nemanda til læknis. Mjög gott er að senda nemandann með tilvísunarblað úr Ískrá með sér.
Tilvísun til læknis/sálfræðings	Þegar vísa þarf nemanda til sálfræðings innan HH þarf það að fara í gegnum heimilislæknis barnsins. Þegar þess þarf á að nota þessa HM.
Tilvísun til námsráðgjafa	
Tilvísun til nemendaverndarráðs	SHS vísar máli nemanda er til nemendaverndarráðs.
Tilvísun til sálfræðings	
Tilvísun til tannlæknis	Barni vísað til tannlæknis vegna áverka á tennur/munn eða vegna þess að tannheilsu er ábótavant. Einnig ef enginn heimilislæknir eru skráður. Gott er að senda nemandann með tilvísunarblað úr Ískrá með sér.
Tilvísun til þroskaþjálfara	
Upplýsingar móttækna	Upplýsingar fengar frá forráðamanni, nemanda eða frá fagaðila.
Upplýsingar veittar	Upplýsingar veittar við fyrirspurn forráðamanns eða nemanda.
Upplýsingaöflun	SHS aflar upplýsinga frá forráðamanni/nemanda.
Virk hlustun	Sýna nemanda sérstaka athygli og leggja merkingu í yrt og óyrt skilaboð hans.
Þátttaka á þverfaglegum fundum	SHS í sameiningu við aðrar fagstéttir vinnur að áætlun/meðferð fyrir nemanda/fjölskyldu.
Annað, hvað _____	Möguleiki er að skrá inn nýja HM en mikilvægt er að fara fyrst yfir allar þær HM sem eru í boði nú þegar. Hér er

yfirlit yfir HM sem í boði eru.